



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 18. mars 2021

Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um 319. mál

Tilv. 202103-0008

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði alþingis, dags. 4. mars 2021, þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um tillögu til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna 319. mál (þingskjal 359 - 151. löggjafarþing).

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni tillögunnar og telja jákvætt að málið sé fram komið. Bent skal á að í ljósi þeirra ríku almannahagsmuna sem séu að veði í loftslagsmálum sé mikilvægt að hvatakerfi séu til staðar til að styðja við uppgræðslu lands. Hagrænir hvatar hafa verið nýttir með góðum árangri til að styðja við orkuskipti í samgöngum og þeim má beita víðar. Lögð er rík áhersla á að fulltrúar bænda fái aðkomu að vinnu að gerð slíkra tillagna.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir